

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2021/426****2021/EES/60/09****frá 10. mars 2021****um leiðréttingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1263/2011 að því er varðar leyfi fyrir *Lactococcus lactis* (NCIMB 30160) sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Notkun á blöndu með *Lactococcus lactis* NCIMB 30160 sem fóðuraukefni var leyfð til 10 ára fyrir allar dýrategundir með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1263/2011 ⁽²⁾.
- 2) Leyfinu var síðan breytt með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1092 ⁽³⁾ í samræmi við 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 að því er varðar samsetningu aukefnisins.
- 3) Áætlaða breytingin varðaði ekki gildistíma leyfis sem mælt er fyrir um í framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1263/2011 sem átti að renna út 26. desember 2021. Í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/1092 kom hins vegar ranglega fram að gildistími leyfis fyrir *Lactococcus lactis* NCIMB 30160 ætti að renna út 16. ágúst 2030. Þessari villu var því bætt við í framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1263/2011 með framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/1092.
- 4) Til glöggvunar og í þágu réttarvissu er því nauðsynlegt að leiðrétta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1263/2011 að því er varðar lok gildistíma leyfis fyrir *Lactococcus lactis* NCIMB 30160.
- 5) Í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/1092 er kveðið á um að breytingin sem á að gera á skilmálum leyfis fyrir aukefninu *Lactococcus lactis* NCIMB 30160 varðar eingöngu samsetningu aukefnisins. Ekki var vísað til að breyta þyrfti gildistíma leyfis fyrir aukefninu. Auk þess er í 8. mgr. 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 mælt fyrir um að leyfi séu veitt til 10 ára og að ekki fái undanþága frá þeirri reglu með breytingu á skilmálum leyfis. Auk þess er í skrá yfir fóðuraukefni enn tiltekin dagsetningin 26. desember 2021 sem sá dagur þegar gildistíma leyfis fyrir aukefninu *Lactococcus lactis* NCIMB 30160 lýkur, jafnvel eftir að framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/1092 var samþykkt. Það að afturvirk áhrif tillagðrar leiðréttingar eru ekki fyrir hendi leiðir til brots á meginreglunni um bann við mismunun milli rekstraraðila þar eð eingöngu rekstraraðilar, sem setja á markað eða nota *Lactococcus lactis* NCIMB 30160, myndu njóta góðs af, með óréttmætum hætti, veitingu á framlengingu gildistíma leyfis fyrir aukefninu frá gildistökudegi

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttð. ESB L 84, 11.3.2021, bls. 18. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 193/2021 frá 9. Júlí 2021 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjttð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

(2) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1263/2011 frá 5. desember 2011 um leyfi fyrir *Lactobacillus buchneri* (DSM 16774), *Lactobacillus buchneri* (DSM 12856), *Lactobacillus paracasei* (DSM 16245), *Lactobacillus paracasei* (DSM 16773), *Lactobacillus plantarum* (DSM 12836), *Lactobacillus plantarum* (DSM 12837), *Lactobacillus brevis* (DSM 12835), *Lactobacillus rhamnosus* (NCIMB 30121), *Lactococcus lactis* (DSM 11037), *Lactococcus lactis* (NCIMB 30160), *Pediococcus acidilactici* (DSM 16243) og *Pediococcus pentosaceus* (DSM 12834) sem fóðuraukefnum fyrir allar dýrategundir (Stjttð. ESB L 322, 6.12.2011, bls. 3).

(3) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1092 frá 24. júlí 2020 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1263/2011 að því er varðar leyfi fyrir *Lactococcus lactis* (NCIMB 30160) sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (Stjttð. ESB L 241, 27.7.2020, bls. 10).

framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2020/1092. Enn fremur telst afturvirkni í þessu tilviki ekki hafa áhrif á lögmætar væntingar viðkomandi rekstraraðila. Að lokum er tillagða leiðréttingin sett fram í ósaknæmu samhengi með tilliti til þess að rangur gildistími leyfisins, sem um getur í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/1092, kom til vegna mistaka. Þessi reglugerð ætti því að gilda afturvirkt frá og með gildistökuþegi framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2020/1092.

- 6) Til að viðhalda lögmætum væntingum hagsmunaaðila og vegna afturvirktrar beitingar tillögðu leiðréttingarinnar ætti þessi reglugerð að öðlast gildi sem fyrst.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukinn við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1263/2011 er leiðréttur eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 16. ágúst 2020.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. mars 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Færslan um akefnið *Lactococcus lactis* NCIMB 30160 með kenninúmerið 1k2082 í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1263/2011 er leiðrétt sem hér segir:

Í stað dagsetningarinnar „16.8.2030“ í dálknum „Leyfi rennur út“ kemur „26.12.2021“.
